



**Bláskógaskóli
Laugarvatni**

Virðing • Vinátta • Gleði

Betri samskipti -Eineltisáætlun-



Endurskoðuð september 2020

Hornsteinn í góðu og árangursríku skólastarfi er að öllum innan skólans líði vel. Það er því mikilvægt að í starfi skólans geti hver einstaklingur unnið á eigin forsendum og þroskast og dafnað á sinn hátt með sína reynslu í farteskinu í góðum samskiptum við aðra innan skólasamfélagsins. Það er mikilvægt að við útskrift úr grunnskóla standi nemendur lífsglaðir, sterkir og ánægðir. Samskipti eru mikilvægur þáttur í skólastarfi. Samskipti á milli þeirra aðila sem mynda skólasamfélagið, nemendur, foreldra og starfsfólk skólans þurfa að einkennast af gagnkvæmri virðingu og skilning.

Mikilvægt er að stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum í skólastarfinu til að koma í veg fyrir að samskiptavandi sem einelti er eigi sér stað. Þeir þættir sem skólinn leggur sérstaka áherslu á að vinni gegn því eru:

- ART félagsfærni þjálfun
- Öflug og leiðandi gæsla í frímínútum og matsal
- Rætt reglulega um samskipti nemenda á kennarafundum.

- Frammistöðumat sem foreldrar og börn vinna saman og meta þætti í skólastarfi.

Skilgreining á einelti

Einelti er þegar einstaklingur verður margendurtekið og á afmörkuðu tímabili fyrir aðkasti á einhvern hátt frá einum eða fleiri aðilum. Einelti getur birst á margan hátt:

- **Félagslegt einelti**, barnið er skilið útundan í leik, barnið þarf að þola svipbrigði, augngotur, þögn eða algert afskiptaleysi.
- **Andlegt einelti**, barnið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir algerlega gegn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu
- **Líkamlegt einelti**, gengið er í skrokk á barninu.
- **Munnlegt einelti**, uppnefni, stríðni eða niðurlægjandi athugasemdir. Hvíslast er á um barnið, flissað og helgið.
- **Rafrænt einelti**, neikvæð og skaðleg skilaboð um eða til einhvers sem er komið áleiðis í gegnum: tölvupóst, facebook, sms, Youtube, spjallrásir, eða aðra samskiptamiðla. Teknar eru myndir og birtar á netinu og sendar með síma eða öðrum tækjum.

Ef grunur vaknar um einelti er mikilvægt að vísa því til umsjónakennara. Málið skal tekið til meðferðar eftir eineltisáætlun.

Eineltisteymi Bláskógaskóla Laugarvatni:

Umsjónarmaður sérkennslu

*Umsjónarkennari þolanda

*Umsjónarkennari geranda

Umsjónarmaður félagsstarfs

Skólastjóri

*Ef umsjónarkennari er bæði með þolanda og geranda er sá kennari sem á mest samskipti við nemanda á eftir umsjónarkennara kallaður til.

Aðgerðaáætlun ef grunur um einelti vaknar.

1. Ef grunur um einelti vaknar er umsjónarkennari látinn vita. Skólastjóri fær upplýsingar frá umsjónarkennara og saman meta þeir hvort eineltisteymi sé kallað saman.
2. Ef talið er að málið fari á næsta stig og eineltisteymið er kallað saman er rætt við þolanda og geranda, foreldra/forræðismenn og aðra sem veitt geta upplýsingar um málið. Mikilvægt er að meta hvort grípa eigi til aðgerða strax og gæta að því að öryggi þolanda sé tryggt. Meta hvort þurfi að auka gæslu og eftirlit. Talað er við foreldra þeirra sem eineltið beinist að og síðan við foreldra geranda.
3. Starfsfólk skólans er upplýst um málið og allir eru vakandi fyrir aðstæðum og hegðun þeirra sem um ræðir.
4. Umsjónarkennari á í nánú sambandi við forráðamenn og sér um skráningar á fundum og á málsatvikum.
5. Eineltisteymi metur hvort þarft er að hafa samband við sérfræðinga skólaþjónustu Árnesþinga vegna málsins.
6. Þolandi og gerandi frá skiplagðan stuðning og aðhald í ákveðin langan tíma eftir atvikið frá sitt hvorum aðilanum innan eineltisteymisins. Mikilvægt er að skoða hvort bekkurinn þurfi einnig sérstakan stuðning.
7. Foreldrar eða skólar geta óskað eftir aðstoð sérstaks fagráðs (www.gegneinelti.is) sem starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitarfélags.
8. Ákvörðun um úrvinnslu er tekin á grundvelli niðurstaðna og í samráði við málsaðila og eru þeir upplýstir um niðurstöðuna í samráði við foreldra málsaðila.
9. Eineltisteymið fylgir málum eftir í allt að 6 mánuði.
10. Málinu lokað með formlegum hætti.

Ráðleggingar til foreldra

Ræðið reglulega við börnin ykkar um líðan þeirra. Það er mikilvægt fyrir börn að vita að þau geta sagt frá og að á þau sé hlustað. Ef foreldrar eru vör við breytingar á líðan yfir lengri tíma er mikilvægt að fylgja því eftir og leita lausna.

Sjá nánar um einelti:

<http://www.gegneinelti.is/>

<http://www.kolbrunbaldurs.is/>